

TM er einfalt að læra, einfalt og náttúrulegt að iðka:



einog að opna sitt eigið hús með eigin lykli.



maður þarf ekki að brjótast inní sitt eigið hús.



skilningarvitin hætta að vera á fullu



tæknin laðar heyrnina í kyrrð

heldur huganum fljótandi,

en maður er vakandi



og laðast heim, sjálfkrafa.

**Goðrún dimmblá skráir  
mál litlu kjaftforu völvu**

# Óðsmál in fornu

27 ISBN 978-9935-409-26-3

## ginnungagap

nýsta ek niður

nísta निष्ठ

Göia goði, Óðsmál,  
<http://www.mmedia.is/odsmal>  
[frejukettir@mmedia.is](mailto:frejukettir@mmedia.is); [odsmal@mmedia.is](mailto:odsmal@mmedia.is)



Norræn menning

\*\*\*\*\*

+354 694 1264; +354 552 8080

**-Ginnungagap**  
**nýsta ek niður**

**nísta निष्ठ** stendur fastur á fótunum í grunni alls sem er

*hnýsast njósna nirúúp nírtíks ofl निरूप निरीक्ष njósna nusa nykur*

*nakra नक्र er krókudill (ísl.nykur) sem læðupokast í vatninu og uppúr því.*

*nísta nýsta hnýsast nýsa  
nýsta ek niður og fékk mér nesti*

*निवर्तध्वम् nívertadhvam þú skalt hýsast niður;*

*kominn á ný í kyrrð, sem er hið eðlilega ástand hverjum manni*

dá dvínun ध्यान dhyaana

samatva समत्व eðlilegt ástand hugans

samatvam yóga utsjate समत्वम् योग उचते hið eina eðlilega ástand hugans og meðvitundarinnar kallast sameining (yog)

समाधि sam-aa-dhaa, sett saman, haldið saman, fest saman

eka sarva brahm, neha nanaasti kinchan

-- einn er svinnur, enginn er annar.

एक सर्व भ्रम् नेह नानास्ति किञ्चन

eindin mikla er ein og ekkert annað

ekamevaadvitiiyam एकमेवाद्वितीयम्

ginnungagap er heild, er í smæsta sem stærsta, allt er það



hanga hang सञ्ज sañj sajj

vindgameiður, stólpi súla methi मेथि

mjötviður mæ, meiður, safaríkur, medhya मेध्य mjöður (29)

madhú hunangssætt og yndislegt मधु

Forfeður okkar inir vitru töluðu um Ægi og Rán,  
um vín Valföðurs, safann og næringuna úr ginnungagapi  
hverjum manni standandi til boða,  
um að sóast, hnýsast innfyrir ið skapaða,  
um að Vilbjörg vakir,  
um hvaða hæfileika menn öðlast við að tengjast ginnungagapi  
(síðasti hluti Hávamála, ljóðin og 9 galdrar góðir).  
Þetta kemur ekki af sjálfu sér,  
en ef maður veit hvert á að sækja er það hér og nú.



-Mikið rétt.

Svona lýsa vedur ginnungagapi, og svona lýsa nútímavísindi því:

\*allir möguleikar, \*frelsi, \*óendanleiki, \*sjálfu ség nógt, \*sæla,  
\*heildstætt, \*vísar til sjálfs sín, \*ósigrandi, \*fullkomið jafnvægi, \*alvökult  
innan sjálfs sín, \*allir möguleikar náttúrulögmálanna, \*einfaldleiki,  
\*óskapað, \*sameinandi, \*óendanlegt samræmi, \*óþrjótandi orka,  
\*endalaus kyrrð, \*tær þekking, \*óendanleg skipulagningarorka,  
\*fullkomið skipulag, \*óþrjótandi sköpunarmöguleikar, \*gerir allt tært,  
\*ódaudleiki, \*nærandi, \*vill framþróun.

Mannshugurinn sækir eðlilega í kyrrð



en það er hans náttúra.

einsog apinn hættir að leita að banönum þegar hann finnur mikið af þeim.



Hugurinn er eins og api sem hoppar milli greina í leit að



banönum.

Það er ekki aðaðeðli apans að hoppa milli greina,  
heldur er það leitinn að banönum sem drífur hann áfram.



Það sést best á því að hann hættir að hoppa



þegar hann finnur banana

Ginnungagap er heild, eind, kyrrð, endalaus kraftur, gap ginnheilagt, grundvallarraunveruleikinn sem allt í veröld er úr komið, raunveran sem heimspekin leitar.

Mannleg vitund er það svið.

Samsvið hvers, hvað saman á sviði?

Ekki er nóg að hafa orð ef enginn skilur dýptina.

Skilja skyli gumna hverr.

Samsvið allar náttúrulögmálanna. Tívatún.

Allt saman saman!

Einnig er í ginnungagapi allt ið skapaða.

TM-tæknin, sem maharishi gefur heiminum, leyfir mannshuga, sem er fyllilega vakandi og meðvitaður um sjálfan sig, að samsama sig samsviði allra náttúrulögmálanna, tívatúni, í alheimsvitund, einstaklingsvitund og alheimsvitund sem eitt.

Ægir er í norrænum fornum fræðum nafn á eindinni, táknmál sem útskýrir hið ósýnilega með sjáanlegum fyrirbærum.

Einsog við sjáum að allar öldur á yfirborði eru hafið, segir þetta okkur að allt ið skapað er ginnungagap.

Nú erum við að skilja dýpt þekkingar forfeðra okkar.

tatsristvaa tadevaanupraavisat तत्सृष्ट्वा तदेवानुप्राविशत्

ginnungagap skapar og er í öllu hinu skapaða.

Hafandi skapað er í öllu því skapaða /fer í allt ið skapaða.

Tómið mikla er óumbreytanlegt,

þótt allt þetta finerí sé úr því komið,

hin sýnilega sköpun sem við þekkjum sem alheim.

Úr tóminu, gapinu:

agnim er a-k ni...., fyrsta orð rík-vedu (agni, eldur í æðri merkingu),  
en flæðið kemur úr bilinu milli a og k  
(g er stundum k, og k stundum g, sandhi)

þannig koll af kolli.

a fylling, fyllid,

g/k punktur,

n neitar tóminu,

í leiðir áfram.

Óendanleg tíðni gungnis verður til í gapinu mikla milli hljóðanna  
leiðir enn til m,

m, sem hefur engan áhveðinn endi. agnim अग्निम्

Ginnungagap sem aðeins vísar til sjálf sín innan sjálf sín hefur engan  
endi. Það er eilífðin, en fer í ferli eftir ferli innan sín.

mantrabraahmanyor veda naamadheyam मन्त्रब्रह्मन्योर्वेदनामधेयम्

hljóð gap hljóð gap..... orð af orði sér leitar

Leyndarmál tíva, guð-rún, deva-guhya, er í gapinu þar sem hljóðin  
fæðast.

Þegar mennirnir fara í nirvana, dhyaana (dá frá huga), raunverulegt yóg,  
4.vitundarstigið

--- hið eina sem borið getur nafnið sameining (yóga) í þessu sambandi

योग --

eru þeir ginnungagap eingöngu um hríð.

Þá eru mennirnir leyndarmál tívanna.

Mannleg vitund er Iðavellir,

úr hverjum allt er.

Gapið er vitsmunir, samanþjappaðir,

og það veit af sér, finnur sjálft sig,

bregðst við sjálfu sér.

Það ferli er ÓðinnViliVéi. (3.)

Ljós, til samanburðar, sem er í heimi, veit ekki af sér. Er ekki meðvitað um tilveru sína né annars, þótt það ferðist á ljóshraða, sem er ósköp hægt miðað við ormagangnasamgang Óðins í tímarúmsfroðu Freyju (26). Við prófum að láta tvo ljósgeisla mætast og krossast, en þeir gefa engin viðbrögð hvor við öðrum. Ljós hefur ekki meðvitund og bregðst ekki við.

Mannlegt taugakerfi hefur aðgang að tívatúni, sviði krafts.

Í eindinni er flæði, flæði úr einu í annað, tívar taka við hver af öðrum í flæði þessu.

Kemur þetta okkur við?

O,já.

Haldið þið að menningararfurinn lífseigi væri um þetta ef það kæmi okkur ekkert við?

O,nei.

Þetta skiptir öllu máli, við höfum aðeins gleymt því um tíma.

Þetta eru hagnýtustu lífsvísindi og eiga alltaf erindi.

Ekki hugmyndafræði, ekki heimspeki, heldur gallhörð vísindi.

Það eitt að menningararfurinn er forn og glatast ekki


segir okkur og sannar, að hann hefur sannleika að geyma handa okkur.

Sannleikurinn er það eina sem aldrei getur dáíð.

Enginn getur upprætt sannleikann, hversu miklum peningum og fyrirhöfn sem menn kunna að setja í svoleiðis leiðindaverkefni.

Að nýsa niður, og skynja dýpri og dýpri lög og svið, bein reynsla,

ævafornt og nútímalegt, raunar nauðsyn nútímamönnum.



Það er hið guðlega fingerðasta sem við finnum við að nota TM reglulega, og við öðlumst djúpan skilning.

Menningarheimar, mismunandi siðir manna, allt í þundarflæði.

Það sem er týrétt er komið til að vera,

því sannleikurinn getur ekki dáíð,

en það sem er mislukkuð tilraun hefur ekki þundarflæði með sér, og hverfur.

Nýsa eða hnýsast niður -- sóast,  
engin mannleg hugsun til staðar  
verða tærari og tærari, smátt og smátt,  
-- öðlast hæfileika til kraftmikilla réttra ákvarðana í veröld

4.vitundarstig mælist í líkama manns

drykkur úr horni né hleifur, ei sælast, því líkamsstarfsemin er nær  
engin, meltingin hvílist, jafnvel andadráttur í lágmarki.

falla aftur þaðan -- hugsa á ný  
sjá allt í samhengi, sjá allt í nýju ljósi, allt er mannanna vitund  
fimbulrúnir hafa verið upp numdar og stinnir stafir.

samatvam yóga útsjayate समत्वं योग उच्यते

fullkomið jafnvægi hugans er kallað yog.

4. vitundarstig er það og mælist með heilalínuriti, EEG.

Tærleiki og fullkomið jafnaðargeð er hið eina eðlilega ástand manns,  
annað er óeðlilegt ástand,

einhvers staðar á leiðinni hefur komið streita í taugakerfið  
og slíkt er mikið vesen,  
en auðvelt að gera hreingerningu með auðveldri samsviðstækni, TM.

Einfaldasta ásigkomulag meðvitundar manna  
er svið allra möguleika,  
á vísindamáli kyrrð, samsvið,  
hvaðan óendanlegir möguleikar sköpunar koma,  
hvaðan alheimur er kominn.

Þegar mannleg vitund nálgast völlinn mikla, Iðavelli,  
sem við öll erum í raun,  
þegar einstaklingsvitund er fingerð hugsun sem hverfur,  
stingum við okkur í Ægi (2), víkkum í Gláðheima (14).


Við að stinga sér myndast Gungnir (14), gárur, bylgjur, sem dreifast  
útum allt.

Þegar margir sitja saman og stunda TM, myndast gárur á vitund,  
við lífgum vitund,

og svo við iðkun á TM-sídh® prógramminu, magnast gárurnar,



magnast Gungnirinn.



gárur lífgaðar á vitundaryfirborðinu og vitund er alls staðar,

meðvitund grundvölluð í tærri vitund

Við TM-sidhi® myndast samræmd heild.

Hugsandi menn, sem ekki eru í svona samræmdri heild, hafa ekki áhrif gegnum ormagöng, heldur aðeins í nánasta litla umhverfi hver á annan,

en þeir sem kunna TM og TM-sidhi og yógaflugsútrur úr tærri vitund skapa áhrif alls staðar í senn.

Hvert hopp yoganna er gleði alheimsvitundar.

Þegar líkaminn lyftist, mælast heilabylgjur í fullkomnu samræmi.

Stríð og náttúruhamfarir verða við að strítt er gegn náttúrulögmálunum, við að mennirnir stríða gegn Þundarflæði, (38.)

en

meiðmar (36.) eru til að næra allt á ný,  
Meðvitund manna grundvölluð í tærri vitund.

Bylgjurnar sem lífgast við yógaflugið eru mælanlegar í kyrrð í unhverfinu.

1% þjóðar þarf í TM, -- gungnir myndast þegar vitund stingur sé í Ægi,

miklu færri þarf í TM-sidhi® og yógafluginu því þeir menn gera miklu meiri Gungni

-- eðlilega því þeir hafa tæknina til þess, tækni sem maður lærir eftir að hafa stundað TM í smátíma og gert það rétt og áreynzlulaust.

Fjöldi sem til þarf til að gera þjóð ósigranlega er kvaðratrót af 1% mannfjöldans.

Við að nýta göngin góðu í Hnitbjörg (vísindanna worm-holes)  
ferðast allar hugsannir tæru yoganna í tíma- og rúmleysi um allt.

Þarna er tær vitund.  
Einstaklingsvitund rennur ljúflega í ginnungagap.  
Gleði verður við samrunann,  
Glaðheimar, hið gleiðasta,  
gleiðheimar, vikkun í óendanleika og eilífð.  
Vilbjörg vakir.

Mannleg meðvitund fær reynzlu með því að nota ævafora aðferð,  
TM (TM® samsviðstæknina),

við náum tókum á inu kraftmesta  
og nýtum kraft tívatúns til framkvæmda.

Hugurinn lýtur sömu lögmálum og annað skapað gerir skv eðlisfræði.  
Rétt einsog steinn sekkur, einsog sundmaður stingur sér,  
þannið sekkur hugur í gapið.

Rétt einsog frumeind (atom) kyrrist á grunnsviði sínu,  
þannig kyrrist hugurinn við grunnsvið sitt.

### **Grunnsviðið er náttúrulegt sem kyrrðaraskigkomulag.**

Rafeindin hægir á sér við að grunnsviðið nálgast, en það að hún dregst  
að kjarnanum gerir þetta mögulegt. Einföld eðlisfræði.

Fyrirbærið að sóast -- hið eina sanna yoga,  
það sem mannleg meðvitund sannreynir með iðkun TM,  
er finnanlegt um gjörvalla náttúruna.  
Hvaða fag sem menn læra, rannsókn á fyrirbærum í heimi, getur fundið  
hið náttúrulega sem á við mannshugann og hæfileikann til að nýsa  
niður.

Við að sökkva í Ægi (ginnungagap), upplifa kyrrðina,  
vígist, verður tært, hreinsast.  
Finnst alls staðar í náttúrunni. Í öllum fyrirbærum heims.

Í öllu í náttúrunni er regla, rán, rögn, regin,  
einnig í mannshuganum.  
Maður og náttúra hafa hæfileikann til að skilja reglu og nota reglu.  
Þessi regla er vitsmunir, greind,  
Menn þurfa aðeins að læra að nota þennan mannlega blundandi hæfi-  
leika sinn

Í náttúrunni finnst skipulag (36.), það vitum við.

Mannshugurinn er náttúrulega þannig gerður að hann hefur skipulags-  
hæfileika.

Greind, vitsmunir, skipulagsgeta,  
sem er samtímis alheimssvinnur sjálfur,  
fyrirfinnst í skipulagi alheims, skipulagi náttúrunnar,  
skipulagshæfileikum mannsins.

Skipulag er grundvöllur alls sem við þekkjum í heimi hér.

Grundvöllur alls lífs, náttúruleg þróun, eðli alls sem lifir er  
að taka framförum,  
útvíkkast,  
skapa.

Nám í vitundarvísindum (37.) þarf að taka upp í skólum landsins  
til þess að nemar viti af þessu sviði mannglegra hæfileika, og alheims,  
viti af grundvelli alls,  
og hvers vegna maðurinn er fær um að hugsa, skapa, þróast.

Eðli lífs er að taka framförum.

Þetta er eina leiðin sem skilar fullkomnum árangri.

Þetta vissu forfeður okkar.

Þetta eru lífsvísindi gömlu gæjanna.

Standast fyllilega nútímavísindi sem eru að vakna til lífsins með tilkomu  
vedavísinda handa heiminum öllum.

Samsvið allra náttúrulögmála stjórnar öllu í náttúrunni, heiminum,  
og stefnan er ætíð í framfaraátt, þróunarátt.

Það svið er hinn ósigrandi völlum, tún, grundvöllur lífs.

Allt er á ábyrgð mannanna.

Samsviðið vinnur innan sjálf sín, algjörlega óháð nokkru utanað-  
komandi,

einnig

það breytist ekkert við sköpun og skipulag.


Það er óendanleikinn og ægikrafturinn,

ekki einsog náttúran sem er síbreytileg og háð áhrifum,

ekki einsog veröldin sem er síbreytileg, hefur sín ferli, og býður ætíð uppá  
tvíveðrung og tvíeðli.


Ekkert er ósigrandi á sviðum náttúrunnar,  
því þar eru hugsun og kraftar tiltölulega aulalega smávaxið fus,  
fer aðeins eftir reglunni sem í öllu finnst,

en í tívatúni er ósigur ekki til.



Sigur er ekki á sköpuðum sviðum,  
hann er í ginnungagapi.

© Global Country; Dr. John Hagelin, eðlisfræðingur; radja John Hagelin.



Hvar er ósigranleikinn?

Ekki

á veraldarsviðinu, því þar er ekki fullkomið samræmi,  
heldur

í tívatúni, kraftmiklu kyrrðinni, margmilljónsinnnum kraftmeiri en agnir  
og kraftar í hinni sköpuðu veröld.

Tívar, skapandi kraftar, eru í gapinu milli þessara sköpuðu efnisagna,  
frumeinda, sandkorna, sólkerfa.

Allt er í þundarflæði í framþróun.

Leyndarmál tíva er í gapinu.  
Gapið er völlum allra möguleika.

Í ginnungagapi, á margmilljónmilljónmilljón sinnum (eða eitthvað ótalsinnu) kraftmeira sviði, er auðvelt fyrir mannlega vitund að lifa og auðvelt er að vinna út frá því.

Samsviðið er þessi djúpa kyrrð, grundvöllur undir krafta náttúrunnar. Hér er ekki á ferðinni heimspeki, heldur eðlisfræði.

Það er þetta sem forfeður okkar vissu,  
hefur varðveitt í síðasta kafla Hávamála,

karmashú kaúshalam कर्मसु कौशलम् er tæknin að gjöra aðeins rétt með fimbulkraft þundar sem uppi heldur öllu sem rétt er. Þetta eru galdrar góðin og ljóðin þau sem eru fimbulkraftur réttra og góðra gjörða manna.

Ekki er hægt að taka týréttar ákvarðanir nema vera altær (31.).  
Streita hamlar,  
heilinn „lokast“ við streitugrugg í kroppnum/taugakerfinu.

Með því að nýsa niður, losnar maður við allt gruggið, alla streituna, úr kroppnum sínum, hugurinn verður skýr.

Syn, 6.

Þetta eru skilaboðin sem varðveitt hafa,  
eru komin til okkar,  
og við erum nú að skilja.

Það þurfti hina sönnu vísindaöld,  
og sat-yúgu til.



Er sama hvort við lifum við að vaða í leðju eða svífa yfir grugg í tærleika?

O, nei.

Það skiptir máli fyrir framþróun einstaklings og heims,  
að við sækjum í hið æðsta.



Bhagavad-gita II40:

Engin fyrirstaða eða mótstaða finnst í þessu yoga,  
engrar fyrirhafnar er þörf  
og þar með fer engin orka til spillis,

प्रत्यवायो न विद्यते pratyavaayó na vidjate enginn hamli fyrirfinnst,  
ekkert er eðlilegra taugakerfinu en að sækja í kyrrðina miklu.

Hugurinn víkkar út við að komast í Glaðheima vitundar

pratsjaarah sa tú vidñjeyah प्रचारः स तु विज्ञेयः

स्वल्पमप्यस्य धर्मस्य त्रायते महति भयात् svalpamapyasya dharmasya (alpa er  
lítill/lítið): jafnvel aðeins smávegis af þessu dharm (en dharm er hér  
tilgangur lífsins, þróunarbrautin, leiðin til fullkomnunar),  
smáreynsla af þessu dharm, Þundarflæði (38), sem fengin er með beinni  
snertingu við grundvallarraunveruleikann, Glaðheima, hið guðlega  
ginnhelga gap, með iðkun rétttrar tækni, hið sanna yoga, losar okkur við

allan ótta त्रायते महति भयात्

Vandamálið er að við höldum að við séum ekki stressuð, ekkert að ráði  
amk,

ekkert hrædd við neitt,

höldum að við sjáum,

vitum ekki af hinum eiginlegu okkur sjálfum,

höfum aldrei heyrt um þetta grundvallarsvið nema sem fræðigrein

og sjáum ekki að það komi okkur við,

enda bara skritnir karlar og kerlingar á kafi í svona pælingum

eyða tímanum í svona rugl.

Við höldum að svefnþornið sé hið eina sanna líf á jörðu,

því við erum sko sprelllifandi og full af orku og hamingju og karfti,

framkvæmum alla daga heilmikið -- og hvað þarf sossuð meira!!?

Svo kemur að því að við föttum að til er meira en Gymisgarðar/Paradís.

Föttum að til er þetta eitthvað

(sem er raunar rætt um víða veröld)

- en lítt skiljanlegt, enda misvitir að rembast við að tónglast á þessu.

Þegar við lærum TM förum við að skilja.

Þá skiljum við það sem við skildum ekki vel áður:

að við skildum ekki allt.

Við erum þá ekki lengur stungin svefnþorni;

sjáum að orð um þetta eitthvað voru ekki nóg þekking.

Nú lifum við sjálfkrafa í sátt við guðin, stríðum eigi gegn náttúrulögmálunum, lifum í flæði með Þundu, höfum fundið dharmu, þróunarbrautina, skiljum tilganginn með því að fæðast og lifa.

Til þess er tæknin TM sem virkar, ævaforntækni og vísindi sem hafa verið sannreynd nú í 50-60 ár með nútímavísindum.

Maharishi kom með þekkinguna til okkar á ný, hann stofnaði Heimsríkið, Heimsfriðarríkið, Global Country, til þess að allir menn mættu skilja.

Einsog Þjóðvitnir benti réttilega á, er það skilningarvitunum að kenna að streita hleðst inn. og þeim að þakka að hugurinn fær upplýsingar um umhverfið.



Veröld (efni orka glingur) hefur áhrif á skilningarvitin okkar, allt sem sagt er við okkur (kennt, innprentað, vakin athygli á)

skilningarvitin okkar flytja huganum fréttirnar, hann tekur við öllu frá skilningarvitunum, og er þar með er veröld til í okkar huga.

(26. höfuðskepnur og skilningarvit)

Hinn óuppljómaði verður fyrir djúpum áhrifum  
sbr.: rák í stein, rák í vatn, rák í loft -- sem einherjar skilja.

Nú skulum við athuga:

\* --> Réttar gjörðir leiða ekki til uppljómunar,

það er gott að gjöra rétt,

en án grunnsins er það erfitt, áreynsla. Ekki stuðningur náttúrunnar.



Drómi Læðingur Gleipnir (16., Týr Fenrir)



\* --> En uppljómun leiðir sjálfkrafa til rétttra gjörða.

Uppljómuðum mönnum dettur eingöngu rétt í hug, alveg eðlilega.  
Einherjar fá aðeins týréttar hugmyndir -- án eiginhagsmunadekurs.

Þá hættum við einnig að láta glingur skilningarvitanna teyma okkur á asnaeyrunum um allar trissur.

Uppljómaður maður horfir á fegurðina en tekur ekkert sem streituvalda í líkamann sinn.

Hann tekur réttar ákvarðanir.

Þegar menn sóast  
og kynnast sinni upprunalegu tilurð þar með,  
læra að þekkja vitund,  
verður hugur og skilningarvitin tær,  
fyrst smátt og smátt,  
síðan altær,  
þá fyrst verður hugur til góðs.  
Gæði manns stjórna gæðum hugsana hans.

Þegar við erum altær verða gjörðir okkar góðar,  
skilningarvitin eru þá vinir okkar,

en meðan hugurinn fær ekki næringu úr eindinni,  
eru skilningarvitin óvinir mannsins.



Hugur hans kann ekki, vegna ósvinnu, að meðhöndla það sem skilningarvitin færa honum, og gjörðir hans verða óréttar.

Tærleiki veldur góðum gjörðum, og uppbyggjandi Urði Verðandi Skuldu, því sérhver gjörð, góð sem ill, á sér jafna mótgjörð (33.).

Þess vegna verðum við að sóast, nota aðferð sem virkar, og hún er til, þekkt, notuð af milljónum manna. TM samsviðstæknin.



við sækjum vatn í brunninn og vökvum

Hvernig veit sá sem grefur brunn að jarðvatn er þarna?  
hvernig vita vísindamenn að allt er úr eindinni?  
hvers vegna vitum við þetta ekki öll?

-- vegna þess að enginn kenndi okkur þetta í skólanum,  
og pabbi og mamma vissu þetta ekki, því enginn sagði þeim það.

Ráðumk þér, Loddfáfnir, en þú ráð nemir, njóta muntu ef þú nemur, þér munu góð ef þú getur. Öll svona ráð eru góð, en að hlusta á ráð, að lesa um ráð, er ekki nógu djúpt til að geta kallast þekking.

Fimbulljóðin níu eru þekkingin í framkvæmd, eign ins tæra manns.

Kennarinn sem er sjáandi, kennir dýptina.  
Hann kennir nemandanum að lifa dýptina sem hann finnur innan sjálfs sín.

Kennari er hér uppljómaður,  
sem kennir vizkuna miklu þeim sem er nærri því uppljómaður.

(Ekki þarf sá sem kennir TM-tæknina að vera uppljómaður,  
því tæknin er auðveld, og skipulögð af inum uppljómaða.

Hávamál 138: Veit ek að ek hékk vindga meiði á nætur allar níu.  
Þetta er dýpri kennslan.

Maður „sezt niður“ með kennaranum („úpa-ní-sad“) og lærir TM-tæknina til þess að finna hinn mikla svinn innan sín.

Og maður lærir að skilja með kollinum sínum líka. Hlustar á og drekkur í sig þekkinguna og skilninginn.

Tvennt saman:

TM-tæknin til að gera rannsóknir innan vitundar, og



læra einnig á sviði hugsana, læra að skilja allt.

Svo til skiptis TM og vinna, TM og vinna.

Bæði nýsa og hugsa.

Hvort tveggja stundað, saman, til skiptis, veitir varanlega þekkingu.



vinna og sóast dag hvern

Það styrkir áhrif kyrrðarinnar að nota hugann sinn og kroppinn sinn. Auðnuleysi er ekki neinn finn merkimiði.

Alltaf til skiptis, mantrabrahmanyor, gapið og sköpunin.

Þannig er tilurð alls, segir maharishi, heims mesti kennari.

Orðs mér af orði leita.

TM er heims bezta fjárfesting, endist alla ævi,

er hvers manns bezti vinur,

gefur það sem biskup Íslands telur mikilvægast: að lifa andartakið,

en hér er ég ekki að tala um að lifa „eitthvað“ sem hugsun og ákvörðun,

heldur vera andartakið með tækninni sem sagt er frá í menningar-  
arfinum okkar,

þetta nú, einsog biskup segir, sem er auðvitað eilífðin.

Það er ekki nóg að predika lífsreglur handa öðrum,  
gera lítið úr vandmálum,  
predikarinn hefur etv engin sjálfur,

Það þarf tækni til að transcendera og lifa „nú“ -- sem er mjög hverfult  
hugtak á sviði tíma og rúms.  
Gæti orðið ein enn hugsunin að rembast við að lifa „nú“,  
einn enn ásetningur,  
valdið enn meiri streitu við að rembast við að lifa „nú“ þegar augljóst er  
að vandmál hrannast upp, t.d. hjá þeim sem ekki eru á ofurlaunum hjá  
ríkinu.

Milljónir kristinna manna brúka TM, til þess að finna hið æðsta.  
sameinast því og lifa hið guðlega innsta eðli alls sem er.

Öll trúarbrögð og siðir innihalda þekkinguna, eru byggð á henni,  
sumt hefur aðeins verið misskilið og misnotað af misvitrum mönnum.

Yfirborð og siðvenjur eru mismunandi, og þær eru yfirborð,  
án þess að mannleg vitund sé tengd alheimsvitun með samsviðs-  
tækninni,  
eru yfirborðsritualar flíkur einar,  
því sálina vantar í trúarbrögð hafi menn ekki aðgang að tækni til að lifa  
Guðs síns vilja = Guðs síns ljós = samsvið allra náttúrulögmála.

Einn grunnur, og hann þurfa allir að finna.  
Tæknin, margsannreynd, vísindalega mæld, er fyrir hendi nú.

Nætur níu, enginn tími hér.  
Engar líkamlegar þarfir í Gunnaleysinu.  
Líkamstarfsemin í algjöru lágmarki, andadrátturinn aðeins flæði.



TM (til að ná 4. vitundarstigi)

Það líkamlega ástand, sem er í algjöru samræmi við andlegt ástand,  
mælist með okkar finu nútímavísindatækjum.  
(T.d. með EEG heilalínuriti.)

Forfeður okkar heiðnir vissu þetta.  
Þekkingin barst mann fram af manni. Hve lengi vitum við ekki.  
Þetta er í menningararfinum -- að vísu ekki heilalínuritið,  
en hvernig tæknin virkar.

Sjáendur, meistarar vedanna, sáu þetta.

Nam upp rúnar, drykk um gat ins dýra mjaðar, nam ek frævast.  
Sagt frá í þátið, auðvitað,  
því þetta svið er ekki á sviði hugsana og orða,  
þangað fellur maður aftur.

Þetta er undirstaðan, uppruninn, næringin, þekkingin tær.

Féll ek aftur þaðan.  
TM-tæknin er að taka dýfu í djúpið og koma aftur út, taka dýfu í djúpið  
og koma aftur út.

Ég er fórnin.  
Ekki eitthvert dótari.  
Aðeins fórnar hver og einn sér, sinni einstaklingsvitund:

त्वदियम्वस्तु गोविन्द त्वभ्यमेव समर्पये tvadiyamvastu, Govinda, tybhyameva  
samarpaye þú ert fórnin Góvinda,

ekki neinar aðrar gjafir færur við í veizlu at Ægis (fórn),  
ekki að við höfum fengið gjöf og séum að fórna henni,  
heldur:  
við erum þessi gjöf og fórnur okkur sjálfum,  
Ekki fórna sér fyrir annan mann eða málefni, heldur sóast í Gunnaleysið.


Þeir sem stunda TM og TM-sidhi prógram skilja hvað stendur hér.  
Gaman er að lesa rúnatalið þegar maður stundar TM.  
Allt í einu fá orðin dýpri merkingu  
og maður skilur hverju verið er að lýsa.

Losa sig við Gunnana þrjá, Hávamál 138 o.áfr.,  
engar þarfir, enginn tími,  
finna sig hangandi  
í tívatúni kraftmiklu,  
svífa og svamla í þessum sjónum hulda alheimsgrunni,  
ég var einn,  
vitund gefin vitund,  
ek sjálfum mér,  
á heimstrénu vart sköpuðu, sjálfu sér nógu í einu og öllu,  
hugurinn nærðist ekki á utanaðkomandi fæðu,  
skilningarvitin námu hið veraldlega en það kom mér eiginlega ekki við,  
meðvitund hverfðist innávið,  
ég heyrði rúnir, mál innstu náttúru og eðli gapsins,  
ég náði glaðheimum þegar ég fann allt opnast,

ég glataði öllu hinu veraldlega um stund,  
nam upp fimbulrúnir, sem er sama og að endurhlaða rafhlöðurnar,  
svo féll ég aftur í heim veraldlegra hugsana, hlaðinn orku.

Rætur draga upp safann -- úr brunnunum þrem  
við skulum skilja tákn málið,  
hvað er brunnur? hvað eru rætur? hvar höfum við rætur?  
við drögum upp safu með rótum,  
við ausum úr brunni.  
Við verðum að sækja vatnið annars skorpnum við.

við erum manntré, þurfum að nærast -- enda fundu guðin okkur;




lati Geir á lækjarbakka nennti ekki vatnið smakka (HP-teikning)  
svangur maður og brauðið við hlið hans  
skiljum við ekki andlega næringu?

Út frá þessu sviði, samsviðinu, ginnungagapi, alheimsvitund, hinum  
mikla svinni, þurfum við að vinna.

Það er hægt með því að læra TM og stunda og iðka tæknina.

9 galdrar góðir koma með tímanum  
með að stunda þá hina einföldu og náttúrulegu tækni reglulega.

Ef við viljum tala um rétt og rangt, réttar gjörðir og rangar gjörðir, er  
einfalt að vinna eingöngu út frá því sviði sem aðeins hið fullkomna og  
réttu kemur úr.




Augu mannanna sjá aðeins yfirborðið

Við þurfum að lifa dýptina til að skilja og útskýra fyrir öðrum.

Að lesa í doðröntum einhverjar reglur um rétt og rangt klikkar stundum, þið vitið: hægara að kenna heilræðin en halda þau!!

Miklu einfaldara að lifa sannleikann.  
Við erum hann.

Orð og hugsanir sem ekki hafa grunn í samsviðinu, eru veraldlegt fusk aðeins, forgengilegt, síbreytilegt, veikt og rótlaust.



tal um rétt og rangt

er oft sem grunnlaus veggur

Mennirnir kynda bál þekkingarinnar (4., Ullur)

Tæknin TM verður að lærast rétt og notast rétt, áreynzlulaus og fingerð, huglæg og eðlileg, ofur náttúruleg.

[http://www.tm.org/video/hagelin\\_tm\\_intro.html](http://www.tm.org/video/hagelin_tm_intro.html)

TM er eina tæknin sem hefur verið vísindalega sönnuð sem leiðin til að sameina einstaklingsvitund og alheimsvitund, yog.

Mjörghundruð rannsóknaniðurstöður úr vísindaathugunum framkvæmdum í óháðum háskólum og vísindasetrum í tugum landa sanna -- vísindalega -- að heilabylgur samræmast, og „götin” í heila æstra manna „gróa”. Þeir hætta árásgirni og öðlast hæfileikann til að nýta allar heilabylgur í samhljómi.

Þetta eru ekki alvöru göt sem sjást, heldur svæði sem ekki virka. Göt í heilastarfseminni.

Einkum er athygliverð útkoman úr fangelsi þar sem allir fangar, glæponar sem sátu inni, lærðu TM og iðkuðu. Fangelsisstjórinn, sem er að eðlisfari sterkur og yfirvegaður maður, táraðist þegar hann sagði frá í sjónvarpi að skjólstæðingar hans fyrrum frelsi sviptir hefðu komizt úti lífið aftur heilir á sál og líkama. Sýnd voru heilalínurit og myndir af heila fanganna, sem þátt tóku í verkefninu, fyrir og eftir. Áhorfendur brostu gegnum tárin.

[http://streaming.mou.org/MOU/Dr\\_Hagelin/Tucsontalk.wmv](http://streaming.mou.org/MOU/Dr_Hagelin/Tucsontalk.wmv)  
<http://istpp.org/video/index.html> öll myndbönd; myndbandasafn

Feluleikur lífsins  
er  
að við erum alltaf að leita einhvers.

Skilningarvitin mata heilann af öllum sköpuðum hlutum.  
og við höldum áfram að leita.

Vitum við í þeli niðri að það er eitthvað sem við ekki sjáum??

Nú eru sumir sem ekki vita af þessu sviði tilverunnar, en eru þó með háskólagráður.  
Það eru ónýtar háskólagráður.  
(37.) Vitundarþroskamenntun er það eina sem kallast getur menntun.  
Vanti hana kafnar allt undir nafni.

Til eru t.d. sálfræðingar sem vita ekki að vitund er til,  
tala um sál í ýmis konar merkingu,  
tala um vitund, um undirvitund, meðvitund, um gleymt og grafið, um hverjum sé að kenna að skjólstæðingurinn er óhamingjusamur, stressaður, taugaveiklaður, þunglyndur, daufur, grátandi yfir fortíðinni. Grafa upp atvik til að útskýra vanlíðan.  
Þeir vita ekki að Urður Verðandi Skuld eru náttúrulögmál, og það sem kemur til okkar eru okkar gjörðir.  
Það sem við höfum valið okkur sem líf er okkar gjörðir.  
Ekki er hægt að kenna öðru eða öðrum um vandræðamálin.  
Ekki er heldur til neitt sem heitir óviðráðanlegar aðstæður.  
Þeir vita ekki að mataræði, lífsstíll og TM (39) eru leiðin til andlegs og líkamlegs heilbrigðis, og ekkert vit er í að vera að velta sér uppúr því sem liðið er.  
Einfaldara að gera allt heilbrigt á ný fyrirhafnarlaust.  
Menn eru aðeins að mæta eigin Skuldu á þessari sinni ævi.  
Með þekkingunni miklu komast menn yfir allar syndir (6., Syn.)

Öðlast meðbyr frá náttúrunni.

Við skulum athuga að ekki er allt yóga sem kallað er yóga.



gúmmívalkyrjurnar

Margt er hatha-yoga, asana, teygjur til að hreinsa rásir líkamans, og það er gott -- en hafið kyrrð svo hugurinn sé á líkamanum.

Oft er gefið mantra, of oft rangt og notað á rangan hátt þannig að ekki leiðir til yóg.  
Getur oft valdið streitu og þreytu.

Yóga þýðir sameining, það vita margir, en tækni verður, til þess að geta borið þetta heiti, að leiða áreynzlulaust til sameiningar einstaklingsvitundar og alheimsvitundar.

Það er mjög auðvelt að mæla hvers konar áhrif hvers konar tækni!

Fáið EEG af eigin heila við iðkun, og þá sjáið þið hvort þetta virkar eða ekki.

Því miður eyða margir tíma, og jafnvel heilli ævi, í ófullnægjandi aðferðir.

Sumt aðeins þreytir heilann, og einhvers konar léttir, sem er bara þreytueinkennadofi, kemur að iðkun rangra aðferða lokinni. Heilinn er svo feginn að vera laus úr svona misskildri einbeitingu og íhugun að hann sýnir feiginleika og dofa, sem er svo misskilinn sem góð áhrif erfiðisins!

Nirvana, samaadhii, són, ég gefinn Óðni, ég gefinn sjálfum mér, er hið eina sanna yóg. Sameining.  
Saman í eitt vitund og vitund  
(sameining, samtenging, einstaklings- og alheims-vitundar).

**समाध** sam-aa-dhaa

Samsviðstæknin TM leiðir til yoga, raunverulegrar sameiningar, strax á fyrstu sekúndu iðkunar og æ síðan.  
En tæknin er fingerð þótt hún sé ofur auðveld, og verður að lærast rétt og notast rétt.

Endurtekið:

TM-tæknin, sem maharishi gefur heiminum, leyfir mannshuga, sem er fyllilega vakandi og meðvitaður um sjálfan sig, að samsama sig samsviði allra náttúrulögmálanna, tívatúni, í alheimsvitund, einstaklingsvitund og alheimsvitund sem eitt.

Ekki er semsagt allt sem kallað er yóga sameining, ekkier allt sem kallað er jóga sama og ek gefinn Óðni,



ekki ek gefinn sjálfum mér.

Mikið er um tilgangslausar aðferðir sem leiða til ófrjórrar tímaeyðslu og að maður eyðir kannski heilli mannsævi til einskis annars en að bíða og vona og trúa

-- og jafnvel rembast við að hugsa ekki, sem er þreytandi ördeyða.

Athugið að væntingar eru á sviði hugsana og koma þar með í veg fyrir transcendence / Glæðheima, einingu.

Hugsanir skemma fyrir og hamla náttúrulegri dýfu í ginnungagap einsog allar áreynsluaðferðir og ímyndunaraðferðir.

Lærið TM og það tekur eitt andartak að ná hinu sanna yog.

Leiðin frá mér til mín er engin raunveruleg „leið“.

Hugurinn er úr ginnungagapi kominn og skreppur því heim, heimfús,



um leið og hann fær tækifæri til



Hamli er enginn, engin fyrirstaða, enginn vandi, náttúrulegt og eðlilegt, huganum eðlislægt,

प्रत्यवायो न विद्यते pratyavaayó na vityate Baghavadgíta II 40.



einfalt ferli, auðlærð tækni sem virkar, TM.

Ef menn eru að reyna að hugsa ekki, reka brott hugsanir sem koma í hugann, banna huganum að hugsa, hugsa um eitthvað ákveðið, einbeita sér, bíða eftir nírvana/transcendence, er sú iðja í sjálfu sér hugsun sem heldur huganum á sviði hugsana, og þar með ekki aðferð til að fara innfyrir svið hugsana, heldur ömurleg leið til að koma í veg fyrir það!!

Feginleiki eftir einbeitingu er doði og dofi.

Og andakt er an-dakt umhugsun, er á sviði hugsana og tilfinningahita, alls ekki á svið hins tæra guðlega eðlis.

Svona aðferðir virka ekki til að ná yoga /sameiningu einstaklingsvitundar við alheimsvitund. Og það er mýgrútur af þeim í gangi, þessu: rembast við að hugsa ekki, einbeita, ímynda sér eitthvað,

en Hatha-yoga er mjög gott fyrir rásir líkamans.

Ekki vera með tónlist með hatha yoga og asana (teygjum og stöðum) því tónlistin togar hugann út, þvert á athyglina á líkamanum; leyfið huganum að flæða inn.

(31.) shrota súddhi, श्रोत सुद्धि

Þegar mannlegur heili vinnur á sviði náttúrulögmálanna, útfrá samsviði þeirra, þ.e. úr hinu ginnhelga gapi, samhíta, er hann við akkeri, nístha skr\*\*\*\* á dýpra sviði en hinir sköpuðu kraftar í heimi hér.

Þar er orkan mikla. (Þund, 28.)

samhíta (lo) sett saman, सम्हित samhítaa (no) सम्हिता sameining **1123 I** allt er hér saman, samsvið allra náttúrulögmála, tívatún, Iðavellir. (5.)




Figure 4

Við höfum, útfrá þessu sviði mannlegs lífs, völd yfir öllum heims kröftum.

Veraldlegir kraftar eru þínupínupons vetnissprengjupúff miðað við uppruna sinn, ginnungagap.

Uppljómuð getum við skapað hvað sem er með hugsun og löngun einni saman, því við erum svið allra möguleika.

Hinir uppljómuðu þurfa ekki einu sinni löngun, því allt sem er þess virði að þeir geri og hugsí kemur til þeirra sjálfkrafa.

Kyrrðin mikla virkar svona, allt gerist í flæði með framþróun, sá uppljómaði, einherjinn, er aðeins tæki hins guðlega.  
(30.)

Við verðum að skilja hæfileika taugakerfis og heila mannsins, og hætta að hegða okkur einsog skynlausar skepnur.

Ábyrgð fylgir því að vera maður.

Heilavirkni á þessu sviði tilverunnar, og líkamsstarfsemin þar með, mælist önnur (t.d. á 4. vitundarstigi manns) en á vitundarstigunum þrem sem við þekkjum vel: vöku, draumsvefni og djúpsvefni.

TM mælist með EEG (4.vitundarstig mælist á heilalínuritum)

svo og æðri vitundarstigin (30.).

Þetta ið fjórða vitundarstig er vel þekkt nú.  
Milljónir manna stunda TM.

Greinlega mælanlegt með nútímatækjunum okkar.  
Þekkingin hefur borizt okkur, enduruppgötvuð í okkar huga.

Vitundarvísindi forfeðranna.

„Leiðin” er engin vegalengd,  
en hávu grasi og hrísi vex ef ekki er troðin,


en enginn er hamlinn (prati- mót-) engin fyrirstaða finnst frá mér til mín:

Gita II40 pratyavaayó na vidyate प्रत्यवायो न विद्यते

Aranyak hreyfir við



### **Þjóðrerir, Óðrerir**

hrærir upp í okkur, vekur okkur,  
Áhrifin mælast um allan heim.



Við lífgum ginnungagap, Ægi,  
gerum Gungni sem verður að heimsöldu.

TM-sidhi prógram og yógaflug,  
sem er ofsalega skemmtilegt,  
hefur Maharishi-áhrif, og Meissner-áhrif, um mannheim allan.  
©GlobalCountry:



(38., friður)

Stjórnarskrá alheims, stöðugt vikkandi og gleikkandi,  
hefur nú á tímum verið vakin.

Mannleg vitund lifgar með samsviðsækninni TM  
gárur á alheimsvitund.

Hin mikla kyrrð púrúsha fær nú að stjórna.  
Stjórnarskrá alheims er snurðulaus og aðeins í átt að framþróun.  
(38.)

Nú koma tímar allsnægta, jákvæðni, kyrrðar.  
Hvert ríki verður ósigrandi og engir óvinir fæðast.

a-shatru अशत्रु enginn óvinur fyrirfinnst.

Andskotalaus.

Eðli lífsins raunveru er alvöruhamingja, alvöru Sólar sæla.

Sólarsæla, varanleg hamingja, hamin í kroppinn (31., tærleiki)



Sá sem fastur er í smákorni,  
lítilla sæva lítilla sanda,  
hefur lítið geð.

En sá sem mest þarf á þekkingunni að halda, telur sig ekki þurfa!

Þess vegna er sagt, til að vekja menn upp úr vökustiginu !!!

uttisthata djaagrata praapya varaannibodhata

उत्तिष्ठत जाग्रत प्राप्य वरान्निबोधत

stattu upp! vaknaðu! umgangstu hina vitru og skildu þekkinguna.

Menningararfurinn okkar er um þetta.

Svo margir skilja ekki.

Þegar inntak skilst ekki eru yfirborðs-ritúalar ónýtt fus.

Þeir eru einsog föt manns, og hvað er maðurinn er sálina vantar í hann?

Sá sem er fastur í smáhamingju-holu í sínu lífi, fer á mis við heildina og sæluna

sem er okkar innsta eðli

og á að skína úti lífið okkar,


innafrá og út.

Sólarsæla og heildin er alls staðar,

og allir geta fundið hana.

(Heildin = sælan.)

Þeir sem kalla sælu og hamingju litlu sætu hlutina sem koma fyrir, eru ekki meðvitaðir um sælu og hamingju í eiginlegri merkingu þessara hugtaka.



Litla sælan og litlu hamingjurnar hverfulu, eru þínulítið af eiginlega engu, því smá sykur á tungu og smá saltbragð í matinn, er aðeins korn.

Maður getur verið vo vo sæll í litlu sælunum og litlu hamingjunum, en hann verður vo vo vansæll ef himinninn hrynur oná stélið á honum.

Miklu hagnýtara er að vera uppljómaður, og þá verða litlu hamingjurnar sætar, og ekkert vesen þótt allt breytist.

Innra bros Sólarælu, eilífu hamingjunnar, er svo miklu sætara en allar hverfulu hamingjur heims samanlagðar.

Líka hagkvæmt í daglegu lífi hvers einasta manns að vera uppljómaður, því:

तरति शोकमात्मवित् tarati shókam aatma-vít

sá sem er tengdur alheimsvitund, kemst yfir alla sorg og kvöl, yfirstígur hugarvíl og erfiðleika.



Munurinn á regndropum annars vegar og hins vegar hafinu er jafnmikill og munurinn á sætum litlum hlutum -- og uppljómunarhamingju,

sem er varanleg og ekki af hlutum og tilfellum í hverfulli veröld.

Annað er smábrot í veröld, flott lítið lag, er á sviði tilfinninga og skilningarvita,

hitt er að lifa grundvöllinn mikla, nístha निष्ठ

heyra nið upprunans, lifa 200% lífi,

horfa á veröld útum Valhallar turnglugga.



Þeir sem stunda TM,  
detta innfyrir í 4. vitundarstigið reglulega,  
upplifa sína eigin vitund í Glaðheimum,  
þar sem vitund vikkar út í óendanleikann,

fara smátt og smátt að sjá litlu öldurnar í lífinu sem yfirborðið,  
en hafið sjálft, Ægi, sem sjálfa sig. (2.)

Veröldin verður eitt, vitund annað og meira.  
Þínulitlu öldurnar eru ekki varanleg sæla, aðeins stundargaman.

Það sem sumir kalla tómið, er nefnilega allt.

Menntamaður nokkur sagði: ég er of upptekin af að lifa lífinu til að vera  
að hugsa um eilífðarmálin eða sitja með lokuð augun og bíða eftir því  
sem var auglýst í jógastövarauglýsingunni.  
Hann veit að sumt virkar ekki alveg.

Nú er veröld að breytast,  
kali-yúga er að ljúka  
og sat-yúga að hefjast, fyrstu geislar hennar ryðja burt náttmyrkrinu.



Þór ber tröll (1.)

Æ fleiri læra tæknina TM sem virkar sem yoga, alvöru yoga.  
Svo TM-sidhi og yógaflugið,  
sem gerir fullkomið samræmi heilabylgna.

Margir fæðast nú sem eru langt komnir á sinni þróunarbrautu,  
og þeir skilja.

Þeir fæðast inn í sat-yúga sem er að byrja.

Brátt fara ægistórar öldur Sólarælu að breiðast út um allan heim.  
Þá verður líf manna hafsjór alvörusælu og alvöruhamingju.



\*\*\*\*\*

ISBN 978-9935-409-26-3

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) rastram (ríkinu), विश्व शान्ति राष्ट्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lífa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun. Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -vísindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkonnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hverrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með vísindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lífa Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru. Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rötstöfum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi.



Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharna). परधर्म (paradharna), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað ið hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð Goþrún Dimmblá  
Guðrún Kristín Magnúsdóttir

\*\*\*\*\*